**Nd. 98. Nefndarálit [58. mál]**

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Fjármálaráðherra mætti á fundi með nefndinni og upplýsti m. a. ýmislegt í sambandi við framkvæmd fyrirhugaðrar lántöku og ráðstöfun á lánsfénu.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv., og mun LJós skila séráliti.

Í 3. gr. frv. er vísað til l. nr. 70 1962. Eftir breytingar, sem gerðar voru á þeim lögum á síðasta Alþingi, voru lögin gefin út að nýju svo breytt, sem l. nr. 55 1964. Vegna þessa verður að telja eðlilegra að vísa til þeirra laga.

Undirritaður meiri hl. n. mælir því með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „70 1962“ í 3. gr. komi: 55 1964.

Þeir EÁ og SkG áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 18. nóv. 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm. — Sigurður Ingimundarson, fundaskr. — Skúli Guðmundsson.

Einar Ágústsson. — Oddur Andrésson. — Jónas G. Rafnar.